



Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is


Reykjavík 7. apríl 2017
Tilv.: IRR17030266/17.0

Efni: Varðandi beiðni Byggðarráðs Borgarbyggðar frá 27. janúar um aukna vetrarþjónustu í uppsveitum Borgarbyggðar.

Vísað er til erindis yðar frá 27. janúar sl. Í erindinu kom fram sú ósk að vetrarþjónusta í uppsveitum Borgarbyggðar yrði bætt og vegurinn frá Reykholti í Húsafell yrði færður upp úr þjónustuflokk 4 í þjónustuflokk 3.

Ráðuneytið hefur tekið erindið til skoðunar og m.a. leitað umsagnar Vegagerðarinnar um málið. Með vísan til þess sem fram kemur í umsögninni er niðurstaðan sú að hafna beri beiðninni að svo stöddu. Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbergur Björnsson


Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 17.0	Ábm. ASS
Innk. 6. APR. 2017	
IRR 17030266	

Innanríkisráðuneytið
Sigurbergur Björnsson
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. apríl 2017
Tilvísun: 2017020007
GPM/MVJ/HrH
Tilv. ykkar: IRR17030266/17.0

Efni: Umsögn: Vetrarþjónusta í uppsveitum Borgarbyggðar

Vegagerðin getur tekið undir þá skoðun byggðaráðs að full þörf er á að auka og bæta vetrarþjónustu í uppsveitum Borgarfjarðar, sérstaklega á Hálsasveitarvegi frá Reykholti að Húsafelli. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessu svæði á undanförunum árum m.a. vegna aukins ferðamannastraums. Þetta á við mjög víða og hefur verið kallað eftir aukinni þjónustu þess vegna um allt land. Hins vegar háttar þannig til að fjárveitingar til vetrarþjónustu duga tæplega fyrir kostnaði í meðal ári miðað við þær vetrarþjónustureglur sem unnið er eftir. Það er því erfitt að auka þjónustuna frá því sem nú er nema til komi auknar fjárveitingar. Vegagerðin mun taka þetta erindi til nánari skoðunar við endurskoðun vetrarþjónustureglanna fyrir næsta vetur og þegar upplýsingar um fjárveitingar næstu misseri liggja betur fyrir.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri